

Sýnishorn - Yfirlýsing um riftun vegna vangoldinnar húsaleigu

Jón Jónsson
Ingólfstorgi 50
101 Reykjavík

YFIRLÝSING UM RIFTUN VEGNA VANGOLDINNAR HÚSALEIGU

Ég undirritaður, Páll Pálsson, leigusali samkvæmt leigusamningi, dags. 15. maí 2020, um leiguhúsnæðið Ingólfstorg 50, Reykjavík, lýsi því hér með yfir að þar sem að þú, Jón Jónsson, leigjandi samkvæmt samningnum, hefur ekki sinnt greiðsluáskorun minni, dags. 15. september 2022, vegna vangoldinnar húsaleigu, er ofangreindum leigusamningi við þig rift, sbr. 1. tl. 61. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Ber þér því að rýma húsnæðið þegar í stað. Að öðrum kosti verður höfðað útburðarmál á hendur þér.*

Reykjavík, 30. september 2020.

Virðingarfyllt,

Páll Pálsson, kt. 010145-2229
Skólavörðustíg 199

* Hafi leigjandi ekki staðið skil á leigugreiðslum, þrátt fyrir skriflega áskorun leigusala þar um, og þannig vanefnt leigusamninginn verulega, getur leigusali krafist þess að leigjandi verði borinn út úr hinu leigða húsnæði, án undangengins dóms eða sáttar, sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.